

Nr. 2.
19. júní.

Bráðabirgðalög

um

bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum
frá Bretlandi o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um nauðsyn á því að banna útflutning frá Íslandi á vörum, sem þangað flytjast frá Bretlandi meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, til þess að greiða fyrir því, að leyfi fái framvegis til útflutnings á vörum frá Bretlandi til Íslands, verðum Vjer að telja brýna nauðsyn á því að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem lagt sje bann við útflutningi á vörum frá Íslandi, sem þangað flytjast frá Bretlandi.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandi. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendr hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskveiðar við Ísland.

Nú breytist ástandið svo, að stórnarráð Íslands telur þanns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum, ef það telur hættu á, að ella taki að einhverju leyti eða öllu fyrir vöruflutninga frá þeim löndum til Íslands.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögnum, varða sektum til landssjóðs alt að 1 000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.